



Landsvirkjun

Fréttabréf Mývatnssvæðis 2016







Mývatni, 23. júní 2016

Ágæti lesandi.

Með þessu fréttabréfi Landsvirkjunar fyrir starfseminu á Mývatnssvæðinu er ætlunin að upplýsa íbúa svæðisins og aðra landsmenn um það sem hæst ber í rekstri Landsvirkjunar á svæðinu um þessar mundir. Ýmis viðhalds- og endurnýjunarverkefni eru á döfnni í sumar og ber þar fyrst að nefna endurnýjun á búnaði í elstu jarðvarmastöð á Íslandi, gufustöðinni í Bjarnarflagi, sem er úr sér gengin eftir að hafa þjónað sveitinni dyggilega í 47 ár.

Einnig verður ráðist í nokkur viðhaldsverkefni í Kröflu sem ætlað er að viðhalda vinnslu Kröflustöðvar. Auk þessara endurnýjunar- og viðhaldsverkefna má svo nefna merkilegt verkefni sem tengist nýsköpun, en Landsvirkjun er einn bakhjarla Eims, sem ætlað er að styðja við nýsköpunar- og rannsóknarstarfsemi á svæðinu. Ritað var undir samstarfssamninginn með pomp og prakt þann 9. júní sl., eins og lesa má um nánar hér á eftir.

Stefna okkar hjá Landsvirkjun er að skapa stuðning og samstöðu með opnum samskiptum við hagsmunaaðila og er þetta fréttabréf þáttur í þeirri viðleitni. Það er von okkar að fréttabréfið auki upplýsingagjöf til íbúa svæðisins og við erum boðin og búin að veita allar frekari upplýsingar ef eftir þeim er leitað. Við bendum einnig á að hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í rafrænni ársskýrslu Landsvirkjunar, arsskyrsla2015.landsvirkjun.is og umhverfisskýrslu, umhverfisskyrsla2015.landsvirkjun.is, auk almennra upplýsinga á vefsíðu fyrirtækisins, landsvirkjun.is.

Kær kveðja,

Steinn Ágúst Steinsson,
stöðvarstjóri Mývatnssvæðis.

Endurnýjun vélbúnaðar gufustöðvarinnar í Bjarnarflagi

Jarðhitavinnsla í Bjarnarflagi á sér langa sögu. Upphaf núverandi virkjunar má rekja til ársins 1963, þegar fyrsta holan var boruð og fyrirtækið Léttsteypan hóf að nýta jarðhita frá Bjarnarflagi til þurrkunar á steypu og steypueiningum. Næstu árin voru boraðar fleiri holur samhliða uppbyggingu Kísiliðjunnar sem tók til starfa árið 1967. Gamla gufustöðin í Bjarnarflagi hóf vinnslu rafmagns árið 1969 og er því elsta jarðhitastöð Íslands. Vélasamstæða stöðvarinnar er af gerðinni British Thomson-Houston (BTH), en hún hafði áður verið rekin í sykurverksmiðju í Bretlandi frá árinu 1934. Gamla vélasamstæðan hefur gefið verulega eftir undanfarin ár og er svo komið að hún framleiðir lítið rafmagn og er orðin varasöm að vinna við.

Stöðin þjónar ekki lengur stóru hlutverki í orkuframleiðslu Íslands en er engu að síður mikilvæg fyrir Mývatnssveit. Hún vinnur allt það rafmagn sem sveitin þarf auk þess sem Hitaveita Skútustaðahrepps þiggur varma frá stöðinni og jarðböðin í Mývatnssveit byggja á skiljuvatni frá henni.

Landsvirkjun hefur ákveðið að endurnýja vélbúnað gömlu gufustöðvarinnar til að tryggja áframhaldandi rekstur hennar. Vænst er að útboð verði auglýst nú í lok júní en framkvæmdir munu fara fram sumarið 2017. Ekki verða trúflanir á afhendingu rafmagns vegna þessa.



Verkefni í Kröflu sumarið 2016

Nokkuð verður um viðhaldsverkefni í Kröflu í sumar. Þar ber helst að nefna borun á vinnsluholu til að viðhalda 60 MW vinnslu Kröflustöðvar. Að jafnaði dvína háhitaholur um 1-2% á ári vegna útfellinga en síðast var boruð vinnsluhola á svæðinu árið 2009 og er því kominn tími á viðhaldsborun. Holan verður boruð á plani holu 15, en sú hola var boruð fyrir 36 árum af bornum Jötni.

Viðhaldsstopp í Kröflustöð

Viðhaldsstopp verður í stöðinni frá 16. ágúst til 18. september. Fyrir utan hefðbundið viðhald verður hjól gufuhverfils endurnýjað. Einnig verður efri hluti kæliturns endurnýjaður og verða settar upp nýjar túður sem þola

meira vindálag. Á meðan á viðhaldi stendur má reikna með að nokkrar holur verði í blæstri en því verður haldið í lágmarki svo hávaði verði sem minnstur frá vinnslu-svæðinu.

Gestastofa í Kröflustöð

Gestastofan í Kröflustöð er best sóttá gestastofa Landsvirkjunar. Hún verður opin alla daga frá 10-17 í sumar. Aðsóknin hefur farið vaxandi undanfarin ár og hleypur gestakoma á tugum þúsunda á ári, þó svo að sýningar- aðstaða sé lítil og umfang sýningar takmarkað. Nú hefur verið gengið frá ráðningum á starfsfólki og verður gestamóttakan opin fyrir gesti til ágústloka.



Eimur – „upphafið að einhverju stórkostlegu“

Þann 9. júní var skrifað undir samstarfssamning um verkefni sem hlotið hefur nafnið Eimur. Markmið þess er að stuðla að aukinni sjálfbærni samfélaga á Norðausturlandi með bættri nýtingu orkuauðlinda og aukinni þekkingu á samspili samfélags, umhverfis, auðlinda og efnahags. Verkefninu er ætlað að styðja við nýsköpunar- og rannsóknarstarfsemi á svæðinu. Ljóst er að í Mývatnssveit leynast mörg tækifæri fyrir verkefni á vettvangi Eims.

Að baki Eimi standa Landsvirkjun, Norðurorka, Orkuveita Húsavíkur og Eyþing, samtök sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Verkefnið er til þriggja ára og hafa bakhjarlar þess lagt til stofnframlag upp á 100 milljónir króna. Auk bakhjarla eiga Íslenski jarðvarmaklasinn og Íslenski ferðaklasinn aðild að verkefninu. Á næstunni verður auglýst eftir 1-2 starfsmönnum sem ráðnir verða til verkefnisins.

Stofnfundur Eims tókst afar vel, en hann var haldinn í Hofi þann 9. júní. Í ávarpi sínu sagði Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, m.a. að þarna væri um að ræða „upphafið að einhverju stórkostlegu“ og Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði að íslenskur raforkuiðnaður gæti lært mikið af þróun og reynslu íslensks sjávarútvegs síðustu áratuginna. Kristján Þór Magnússon, sveitastjóri Norðurþings, sagði að með verkefninu væri verið að „skapa jarðveg fyrir frumkvöðla, vísindamenn, fyrirtæki og stofnanir til að nýta tækifæri til verðmætasköpunar á sjálfbæran hátt.“

Auk fyrrgreindra frummælenda á stofnfundinum héldu Sigurður Ingi Friðleifsson hjá Orkusetri, Hjalti Páll Þórarinnsson frá Markaðsstofu Norðurlands, Sunna Wallevik sérfræðingur hjá NMÍ og einn stofnenda Gerosion sprotafyrirtækisins, Fida Abu Libdeh hjá GeoSilica, Árni Sigurbjarnarson hjá Norðursiglingu og Ásta Kristín Sigurjónsdóttir klasastjóri Íslenska ferðaklasans fróðleg og skemmtileg erindi.



Virkjunarkostir í Skútustaðahreppi í rammaáætlun

Alls eru fjórir virkjunarkostir í Skútustaðahreppi í rammaáætlun: stækkun Kröfluvirkjunar, Bjarnarflagsvirkjun, Gjástykki og Fremrinámur. Í 2. áfanga rammaáætlunar, sem lauk með þingsályktun Alþingis í janúar 2013, var stækkun Kröfluvirkjunar og Bjarnarflagsvirkjun raðað í nýtingarflokk, Gjástykki í verndarflokk og Fremrinámum í biðflokk.


Verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur nú lagt fram tillögu sína að þriðja áfanga og telur hún ekki ástæðu til að breyta þeirri flokkun. Frestur til að gera athugasemdir er til 3. ágúst næstkomandi.

Umhverfismat fyrir nýja virkjun í Bjarnarflagi

Landsvirkjun leggur mikla áherslu á varfærni og ítarlegar rannsóknir í tengslum við allan undirbúning nýrrar virkjunar í Bjarnarflagi sem er í nýtingarflokki rammaáætlunar.

Í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar frá nóvember 2014 þarf að endurskoða mat á umhverfisáhrifum fyrir nýja virkjun. Fyrra mat á umhverfisáhrifum var fyrir 90 MW virkjun. Landsvirkjun telur að vegna sérstöðu svæðisins sé nauðsynlegt að taka varfærin skref í uppbyggingu. Landsvirkjun hefur því ákveðið að á næstu misserum verði farið í nýtt mat á umhverfisáhrifum fyrir 50 MW virkjun, þ.e. um helmingi minni virkjun en í fyrra mati.





Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
Sími: 515 9000

landsvirkjun.is
landsvirkjun@lv.is
Júní 2016

